

Úttekt á eineltisferlum hjá starfsstöðum SFS

„Versta hegðun sem samþykkt er á starfsstöð, einkennir
menningu hennar.“

Gunnar Gíslason ráðgjafi
StarfsGæði ehf
Akureyri 16.09.2019

Efnisyfirlit

Aðdragandi	2
Úttekt á verkferlum sem lúta að einelti og samskiptavanda barna	2
Verkefnishlutar - umfang	2
Ferill	3
Niðurstöður	4
Upplýsingar á heimasíðu SFS	4
Grunnskólar	4
Upplýsingar á heimasíðum.....	4
Spurningakönnun	4
Kannanir á umfangi eineltis.....	6
Leikskólar	15
Upplýsingar á heimasíðum.....	15
Spurningakönnun	15
Frístundaheimili	16
Upplýsingar á heimasíðum.....	16
Spurningakönnun	16
Félagsmiðstöðvar	17
Upplýsingar á heimasíðum.....	17
Spurningakönnun	17

Aðdragandi

Fulltrúar Reykjavíkurborgar höfðu samband við mig í ársbyrjun 2017 og var erindið að kanna hvort ég gæti tekið að mér að fara yfir verkferla starfsstöðva skóla- og frístundasviðs vegna eineltis og samskiptavanda barna. Tilfnið var eins og fram kom í tölvupósti frá Mannauðsdeild Reykjavíkurborgar 3.01.2017:

„Samþykkt var í borgarráði tillaga um að fá óháðan aðila til að fara yfir verkferla starfsstöðva skóla- og frístundasviðs vegna eineltis og samskiptavanda barna. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hafði samband við skrifstofu borgarstjóra og óskaði eftir því að við myndum velja þennan óháða aðila.“

Ég legg fram tillögu 27.03.2017 um umfang og skipulag vinnunnar ásamt áætluðum kostnaði. Áætlunin sem slík þótti góð en kostnaðurinn þótti heldur mikill og komu fram óskir um að hluti verksins yrði unninn af starfsmönnum SFS. Ég tók vel í það og eftir nokkur samskipti var eftirfarandi verkefnislýsing samþykkt af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar samkvæmt tölvupósti dagsettum 22.05.2017.

Úttekt á verkferlum sem lúta að einelti og samskiptavanda barna.

Lýsing á verkefni:

1. Úttekt á verkferlum starfsstöðva skóla og frístundasviðs er lúta að einelti og samskiptavanda barna. Gerð sérstök grein fyrir því hvernig stoðkerfi borgarinnar þ.m.t barnavernd og þjónustumiðstöðvar hafa aðkomu að slíkum málum.

2. Leggja mat á fýsileika þess að setja á fót nýtt eineltisráð sem verði hlutlaus vettvangur sem foreldrar og skólar geti leitað til þegar ekki hefur tekist að leysa mál á vettvangi. Jafnframt að gera tillögu, að því hvaða aðilar ættu, ef til kæmi, að eiga aðild að slíku ráði með hliðsjón af þeim viðkvæmu persónuupplýsingum sem þar yrðu til meðferðar.

Verkefnishlutar voru eftirfarandi:

1. Gagnaöflun og tillaga að frekari vinnu
2. Úrvinnsla og tillögugerð.

Verkefnishlutar - umfang

1. Undir skóla- og frístundasvið heyrja 43 grunnskólar þar af 7 sjálfstætt reknir, 81 leikskóli þar af 17 sjálfstætt reknir, 39 frístundaheimili og 21 félagsmiðstöð.

a) Skoðaðar verði eineltisáætlanir allra þessara stofnana og aðrar upplýsingar sem þær gefa upp á heimasíðum sínum um aðgerðir við samskiptavanda nemenda. Eftirfarandi atriði verði notuð sem rammi við þessa úttekt á heimasíðunum:

- Er til stefna um samskipti og/eða umgengni barna sem birt er á heimasíðu? Nær stefnan einnig til samskipta barna og fullorðinna?
- eru til reglur um viðbrögð við einelti eða samskiptavanda sem birtar eru á heimasíðu og eru þær upplýsandi og leiðbeinandi fyrir foreldra og starfsmenn? Kemur fram skilgreining á því hvað einelti er?
 - Upplýsandi reglur skilgreina einelti og veita fræðslu um helstu þætti sem að því snúa og þeim viðbrögðum sem lagt er til að beitt sé.
 - Leiðbeinandi reglur gefa skýra mynd af því hvernig skal bregðast við ákveðnum aðstæðum og hvert skal leita eftir úrlausn mála.
- Kemur fram hvort reglur eða stefnur eru byggðar á þekktum og raunprófuðum aðferðum/kenningum s.s. Olweus eða SMT?
- eru verklagsreglur skóla- og frístundasviðs um þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda, birtar á heimasíðu? Er það nýjasta útgáfa verklagsreglnanna?



Ráðgjafi StarfsGæða fer yfir heimasíður grunnskólanna. Heimasíður annarra starfsstaða sviðsins yfirfari starfsmenn á skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

b) Rýna niðurstöður kannana sem liggja fyrir um þessi mál og skoða hvort einhverjar þessara stofnana skara fram úr þegar horft er til þessara mála. Starfsmenn á skrifstofu skóla- og frístundasviðs taki saman niðurstöður þeirra spurninga sem fjalla um líðan, samskipti og einelti.

c) Reykjavíkurborg/SFS stendur mjög framarlega í mati á starfi stofnana sinna. Það er því mikilvægt að skoða hvort þessi þáttur hefur verið skoðaður sérstaklega og hvaðaniðurstöður koma þar fram um samskipti og einelti. Starfsmenn á skrifstofu skóla- og frístundasviðs skanni skýrslur og gögn sem liggja þar að baki og dregið fram niðurstöður.

d) Könnun til forstöðumanna vegna úttektar á eineltisverkferlum hjá starfsstöðvum SFS, þar er m.a. spurt út í notkun á Gátlista SFS vegna eineltis. Starfsmenn á skrifstofu skóla- og frístundasviðs taka saman niðurstöður. Ráðgjafi StarfsGæða fær hrágögn í hendur með samantekt niðurstaðna til að geta leitað í þau gögn við greiningu á niðurstöðum.

Þegar niðurstöður liggja fyrir úr þessari könnun er eðlilegt að skoða aðkomu barnaverndar og þjónustumiðstöðvanna að slíkum málum. Er gott að hafa í hendi hvort þessir aðilar verða nefndir sérstaklega í svörum við könnuninni og þá hvernig.

Niðurstöður þessarar vinnu verða þá undirstaða þess sem lagt verður til í öðrum hluta þessa verkefnis.

Ferill

Gagna vegna verkefnisins var aflað á seinni hluta árs 2017 auk þess sem heimasíður grunnskólanna voru yfirfarnar á ný sumarið 2019 til að skoða eineltisáætlanir og aðrar upplýsingar sem þær gefa upp um aðgerðir við samskiptavanda nemenda um einelti.



Niðurstöður

Upplýsingar á heimasíðu SFS

Á heimasíðu SFS voru og eru ítarlegar upplýsingar um einelti og leiðbeinandi upplýsingar um hvernig beri að bregðast við undir heitinu „Vinsamlegt samfélag“. Þar er að finna gátlista sem er skýr og tekur til forvarna, inngripa og eftirfylgdar. Þar finn ég ekki lengur „Verklagsreglur - Þjónusta við grunnskólanema með fjölþættan vanda“, sem er gátlisti sem SFS og velferðarsvið samþykktu 2012 og endurskoðaðar 2015. Þessar verklagsreglur eða gátlisti er þó vitnað til enn á nokkrum heimasíðum og einnig má finna einstaka tengil á þær.

Það er að mínu mati ljóst að miðlægar upplýsingar eru góðar og alveg skýrt hvernig skal standa að forvörnum, inngripi og eftirfylgd eineltismála. Það er athyglisvert þó að hvergi er minnst á aðferðir Olweusar eða aðrar raunprófaðar aðferðir í þessu samhengi.

Grunnskólar

Það er hvað mikilvægast að vel sé staðið að forvörnum gegn og viðbrögðum við einelti í grunnskólum þar sem börn og unglingar eyða lungunum af vökutíma sínum frá 6 - 16 ára aldurs eða í 10 ár.

Upplýsingar á heimasíðum

Ég fór yfir allar heimasíður grunnskólanna og kannaði hvaða upplýsingar birtust þar. Fyrst var þetta gert sumarið 2017 og síðan aftur síðla sumars 2019. Sjá fylgiskjöl þar sem greining á hverjum skóla er sett fram.

- Allir eru skólarnir með stefnu um samskipti og/eða umgengni barna sem birt er á heimasíðu. Þessa stefnu má finna í almennri stefnu skólanna og/eða í skólareglum. Í flestum tilvikum tekur stefnan einnig til samskipta barna eða fullorðinna, en það er misbrestur á þessu.
- Allir skólarnir eru með reglur um viðbrögð við einelti og höfðu nokkrar þeirra verið betrubættar frá 2017. Margir skólanna styðjast við kenningar Olweusar en einnig vinna skólar með PBS og einstaka með SMT agakerfin. Það vakti þó athygli mína að það hefur frekar dregið úr því að skólar tiltaki á hvaða kenningum eða aðferðum þeir byggja reglur sínar.
- Margir skólanna eru einnig með reglur sem ná til samskiptavanda og heilt yfir eru þessar reglur ásamt reglunum um viðbrögð við einelti, upplýsandi og leiðbeinandi sem verður að teljast kostur.
- Margir skólar voru með virkan tengil á heimasíðu sinni á verklagsreglur Skóla- og frístundasviðs um þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda árið 2017 en aðeins einstaka skólar eru nú með slíkan tengil og stundum óvirkan. Þessar verklagsreglur er ekki að finna á heimasíðu SFS lengur. Þegar betur er að gáð er yfirleitt hvergi að finna tilvísun í verkefnið „Vinsamlegt samfélag“ sem fjallað er um á heimasíðu SFS.

Spurningakönnun

Til þess að fá svör við nokkrum lykilspurningum var leitað til allra stjórnenda sviðsins og þeir beðnir um að svara spurningalista. Helstu niðurstöður úr svörum skólastjóra grunnskólanna eru:

- Gátlista SFS vegna eineltis nýta 36% skólanna og kemur fram að margir þeirra sem ekki nýta sér gátlistann þekktu ekki til hans.

- Um 78% skólanna nota skráningarblað til að halda utan um eineltisferlið.
- Um 47% skólanna láta foreldrar fylla út eyðublaðið „Tilkynning foreldris um einelti“. Þeir sem ekki gera það sögðust margir gera það fyrir foreldra.
- Um 25% skólanna segjast nota eyðublaðið „Formleg lok vinnu vegna eineltismála“, sem er ætlað til að loka málum með formlegum hætti með vitneskju allra hlutaðeigandi. Margir þeirra sem ekki nota eyðublaðið sögðust ekki hafa vitað af því og flestir ætluðu að breyta sínu vinnulagi í kjölfar þessa, að eigin sögn.
- Þrátt fyrir þetta segjast 84% skólanna ljúka eineltismálum með formlegum hætti í samráði við foreldra.
- Allir skólarnir eru með eineltisáætlun.
- Eineltisáætlunin er í 81% skólanna kynnt og rædd á starfsmannafundi árlega og í 89% skólanna hefur hún verið endurskoðuð síðastliðin þrjú ár. *Það er mjög mikilvægt að ræða um eineltisáætlanir minnst einu sinni á ári og betrubæta um leið ef þörf krefur. Þannig verður hún alltaf lifandi áætlun en ekki skúffuplagg.*
- Í rúmlega helmingi skólanna eða 58% tók starfsfólk almennt þátt í gerð eða endurskoðun eineltisáætlunar. *Þetta er atriði sem vert er að skoða þar sem það er vel þekkt staðreynd að starfsfólk virðir frekar þær áætlanir og gerir frekar að sínum sem það telur sig eiga þátt í að semja.*
- Í fjórðungi skólanna hefur starfsfólki ekki verið boðið upp á fræðslu um einelti og/eða samskiptavanda síðast liðið ár.
- Í 92% skólanna er virkt eineltisteymi starfandi. *Slíkt teymi ætti að vera í öllum skólunum og vonandi er svo í dag.* Einnig var spurt um hverjir sætu í slíku teymi. Það reyndist vera mjög mismunandi milli skóla en almennt eiga skólastjórnendur, einn eða fleiri og námsráðgjafi ásamt fulltrúum kennara sæti í teyminu.
- Í langflestum skólanna en ekki öllum eru tilkynningar um einelti og samskiptavanda skráðar með formlegum hætti og haft samband við foreldra ef grunur vaknar. Þá kemur fram að ef um einelti er að ræða skrá allir skólarnir nema tveir ferlið sjálfst formlega. *Þetta skiptir ekki síst máli ef tilvik þróast lengra eða taka sig upp aftur.*
- Þegar spurt er hvort leitað sé til annarra aðila eftir aðstoð kemur í ljós að 80% skólanna hafa leitað til þjónustumiðstöðva, 33% hafa leitað til ráðgjafa SFS og 44% hafa leitað til annarra aðila. Þessir aðrir aðilar eru t.d. Erindi og Vanda Sigurgeirsdóttir og almennt hefur slík aðstoð gefist vel.
- Þegar spurt er hvort eineltismálum sé fylgt eftir í 3 - 6 mánuði segja 78% skólanna að svo sé. Þá segja 97% þeirra að bæði gerendur og þolendur fái stuðning.
- Þegar spurt er hvort eineltismálum á þinni starfsstöð hafi verið vísað til fagráðs Menntamálastofnunar (áður Mennta- og menningarmálaráðuneytis), svara 14% að svo sé en við nánari skoðun kemur í ljós að um mjög fá mál er að ræða.
- Til þess að kanna umfang eineltismála var spurt hversu mörg eineltismál hefðu verið tilkynnt á síðustu tólf mánuðum. Svörin voru frá engu og upp í 6 mál í hverjum skóla. Þetta eru í heildina 50 mál í þeim 18 grunnskólum af 36 sem svöruðu. Þessi fjöldi er í nokkru samræmi við fjölda þeirra nemenda sem segjast verða fyrir einelti miðað við niðurstöður í Skólalúsi þetta ár.



Kannanir á umfangi eineltis

Hér verður hlaupið á niðurstöðum þeirra kannana sem ég fékk gögn úr frá SFS. Í þeirri vinnu gerði ég tilraun til að sjá hvort einhverjir skólar skera sig úr og mætti hugsanlega læra af. Það verður þó alltaf að taka niðurstöðum sem þessum með ákveðinni varfærni og horfa á þær sem vísbendingar frekar en staðreyndir.



Skólapúlsinn



Hér eru settar fram niðurstöður úr Skólapúlsinum fyrir árin 2013 - 2017 í skólum Reykjavíkur. Það kemur í ljós við skoðun að sumir skólar eru ekki með öll árin. Þá er rétt að áréttta það að Skólapúlsinn nær til nemenda í 6. - 10. bekk.

Í Skólapúlsinum er tekið fram að samkvæmt skilgreiningu norska fræðimannsins Dan Olweus er um einelti að ræða þegar einstaklingur verður ítrekað fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og á erfitt með að verja sig (Olweus, 1995). Sá kvarði sem notaður er til að mæla einelti hér er fenginn frá Námsmatsstofnun og er frá árinu 2005. Þolendur eineltis glíma oft við langtíma tilfinningaleg og hegðunarleg vandamál. Einelti getur orsakað einmanakennd, þunglyndi og kvíða og leitt til lélegrar sjálfsmyndar (Williams, Forgas, & von Hippel, 2005). *Tölfræðilega marktækur munur á hópum skv. ANOVA prófi. Heimildir: Olweus, D. (1995). *Bullying at School: What We Know and What We Can Do*. Williams, K. D., Forgas, J. P., & von Hippel, W. (2005). *The Social Outcast: Ostracism, Social Exclusion, Rejection, and Bullying*: Psychology Press.



Eineltið er metið út frá spurningunum: Mér fannst að einhver væri að baktala mig, Ég var beitt(ur) ofbeldi, Ég var skilin(n) útundan, Einhver sagði eitthvað særandi við mig, Mér leið mjög illa yfir því hvernig krakkarnir létu við mig, Mér leið mjög illa yfir því sem karkkarnir sögðu við mig eða um mig á netinu.



Meðaltal grunnskóla Reykjavíkur fellur í öllum tilvikum að meðaltali landsins í þessum tilvikum og er sýnt með línu þvert yfir súlurnar. Þær súlur sem fara yfir línuna sína þá að þar mælist eineltið meira en minna ef súlan er undir meðaltalinu.






Næstu myndir sýna tíðni eineltis þessi sömu ár í grunnskólum Reykjavíkur eins og það mælist í Skólapúlsinum.





Þegar þessar niðurstöður eru rýndar nánar kemur í ljós að þeir skólar sem ná því að halda einelti undir meðaltali **ÖLL árin** og tíðni eineltis einnig undir meðaltali **ÖLL árin** eru aðeins 6. Þetta eru Foldaskóli, Hagaskóli, Langholtsskóli, Melaskóli, Réttarholtskóli og Vesturbæjarskóli. Þá er ekki úr vegi að skoða aðeins hvort það er eitthvað sem þeir eiga sameiginlegt sem sker sig úr miðað við aðra skóla. *Eitt er það sem er þeim sameiginlegt og það er að allir vinna þeir eftir Olweusar áætluninni og gera henni góð skil á heimasíðu. Þá er einnig lagt upp úr jákvæðum samskiptum og þeim gert hátt undir höfði. Að mínu mati væri ekki úr vegi að skoða vettvang skólanna frekar til að staðfesta þessa greiningu og hugsanlega finna fleiri þætti sem hafa hér áhrif.*


En til þess að skoða þetta nánar út frá fyrirliggjandi gögnum er ekki úr vegi að skoða hvernig einstakir þættir eineltisgreiningarinnar koma út í Reykjavík. Vega allir þættirnir jafnt eða vega einhverjir þeirra þyngra en aðrir? Þegar þetta er tekið saman fyrir alla skólana í Reykjavík sem tóku þátt 2016 - 2017 er þetta niðurstaðan.



Hér kemur berlega í ljós að ofbeldi og neteinelti vega minna en hinir þættirnir. Þetta gæti verið fróðlegt að skoða nánar í hverju tilviki fyrir sig. Það virðist sem tilfinningatengdu þættirnir vegi meira, þ.e. hvernig krakkarnir upplifa sig í samskiptum við aðra.


En er þá einhver munur á skólunum? Má sjá samræmi hjá þeim skólum sem koma best út úr þessum mælingum og greinilegan mun á þeim og þeim sem koma einna verst út?

Eftirfarandi myndir lýsa stöðunni skólaárið 2016 - 2017.




Það sést vel á þessari mynd að það er munur á svörum nemenda. Það er aðeins eða mun hærra hlutfall nemenda í skólunum 6 sem hafa aldrei verið beittir ofbeldi, en meðaltalið og skólarnir tveir sem koma verst út úr þessari mælingu.


Það vekur hins vegar athygli að það mælist svipað hlutfall nemenda í öllum skólunum sem hafa verið beittir ofbeldi oft. Það má heldur ekki gleyma því að á bak við hlutföllin eru einstaklingar og að meðaltali voru 69 börn og unglingar beittir ofbeldi oft þetta skólaár.




Hér er sama mynstrið að mestu en samt ekki eins skýrt. Það er það sama uppi þegar hlutfall þeirra sem upplifa það oft að vera skilin(n) útundan að það er mjög svipað óháð öðru. Að meðaltali upplifðu 119 börn og unglingar þetta oft skólaárið 2016 - 2017.



Einhver sagði eitthvað særandi við mig sýnir meiri breytileika og það eru hlutfallslega fáir nemendur sem hafa aldrei upplifað það. Oft hafa 238 börn og unglingar upplifað særandi ummæli.



Oft upplifðu 173 börn og unglingar að líða mjög illa yfir því hvernig krakkarnir létu við þau. Enn og aftur er mynstrið það sama.




Oft upplifðu 86 börn og unglingar neteinelti árið 2016 - 2017.


Af þessari samntekt má ráða að það sé verk að vinna í öllum skólunum við að takast á við það mikilvæga verkefni að fækka þeim verulega og helst alveg sem **upplifa einelti oft**. Það hlýtur að vera forgangsverkefni ekki síst í ljósi þeirrar vitneskju sem nú liggur fyrir um afleiðingar þessa fyrir börn og unglinga og samfélagið allt.

Aðrar kannanir

Hér má sjá niðurstöður úr foreldrakönnun sem lögð var fyrir í grunnskólunum 2016 - 2017. Þegar þessar niðurstöður eru rýndar má sjá að það fer ekki alveg saman upplifun nemenda og foreldra í öllum sex skólunum sem komu best út úr nemendakönnun Skólapúlsins. Þetta mynstur hef ég séð áður að skólar sem mælast með lítið einelti koma ekki nægjanlega vel út í foreldrakönnun sem þessari. Þar er skýringin hugsanlega sú að hlutfall þeirra sem upplifa einelti oft er ekki mikið lægra í þessum skólum en hjá öðrum skólum.



Þegar skólar fara í ytra mat í Reykjavík eru lagðir spurningalistar fyrir foreldra og hér má sjá niðurstöður úr nokkrum skólum.



Ef marka má þessar niðurstöður og þær sem eru hér að ofan þarf að bæta meðferð eineltismála og hugsanlega virkja foreldra betur og/eða gera þeim betur grein fyrir því hvernig unnið er með þessi mál. Það er alveg öruggt að það þarf að vanda vel til verka svo ímynd skólanna skaðist ekki eins og reynslan hefur sýnt.

Leikskólar

Birtingarform eineltis í leikskólum eru sennilega ekki eins og í grunnskólum en einelti á sér stað þar í einhverjum mæli og því nauðsynlegt að stjórnendur og starfsfólk haldi vöku sinni.

Upplýsingar á heimasíðum

Starfsfólk SFS gerði greiningu á heimasíðum leikskólanna. Niðurstaðan er að það eru afar fáir leikskólar með efnislega umfjöllun um einelti en mjög margir með tengil á heimasíðu SFS þar sem fjallað er um einelti t.d. vinsamlegt samfélag. Sjá fylgiskjöl

Spurningakönnun

Til þess að fá svör við nokkrum lykilspurningum var leitað til allra stjórnenda sviðsins og þeir beðnir um að svara spurningalista. Það eru 62 leikskólar í Reykjavík og svör bárust frá 41 eða 66%. Helstu niðurstöður úr svörum skólastjóra leikskólanna eru:

- Um 40% svara því til að þeir noti gátlista SFS vegna eineltis. Flestir þeirra sem hafa notað hann telja hann hafa nýst þeim vel. Flestir þeirra sem ekki nota hann virðast ekki þekkja til hans.
- Tæp 60% svara ekki spurningunni um hvort þeir noti skráningarblað til að halda utan um ferlið. 22% segjast nota þau. Flestir svara því til að þeir hafi ekki þurft að nota blöðin og einhverjir skrá ferlið með öðrum hætti.
- Um 66% þeirra svara því til að þeir hafi eineltisáætlun. Þær eru þá ekki aðgengilegar á heimasíðum skólanna.
- Um 66% þeirra sem eru með eineltisáætlun segjast kynna hana og ræða árlega á starfsmannafundi, hafa endurskoðað hana síðastliðin 3 ár og að starfsfólk hafi tekið þátt í tilurð hennar og endurskoðun.
- Um 46% segjast hafa boðið starfsfólki upp á fræðslu um einelti síðast liðið ár.
- Í um 30% skólanna eru virk eineltisteymi og í því eru mest stjórnendur skólanna.
- Almennt er haft samband við foreldra ef grunur vaknar um einelti og um helmingur svara því til að skráningar séu með formlegum hætti.
- Almennt er unnið með samskipti í öllum barnahópnum ef einelti kemur upp og það er gert ráð fyrir því hjá flestum að bæði gerendur og þolendur fái stuðning.
- Um 30% þeirra hafa leitað eftir aðstoð frá SFS vegna úrlausnar eineltismála, 15% til annarra og um helmingur til þjónustumiðstöðva.
- Síðustu tólf mánuði hafa komið upp 12 mál.

Það má velta þeirri spurningu upp í ljósi þessara svara hvort það þurfi að skerpa á þekkingu starfsfólks á einkennum eineltis hjá börnum á leikskólaaldri. Þá er ástæða til að hvetja til þess að öll ferli í eineltismálum verði formgerð með skýrari hætti.

Frístundaheimili

Upplýsingaöflun og skoðun á heimasíðum frístundaheimilanna var unnin af starfsfólki SFS.

Upplýsingar á heimasíðum

Á heimasíðum frístundaheimilia Reykjavíkurborgar eru ekki birtar sérstakar eineltisáætlanir fyrir starfsstaðinn, en það eru krækjur/linkar yfir á heimasíðu www.reykjavik.is þar má sjá upplýsingar um gerð eineltisáætlaða ofl fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar. Dæmi um upplýsingar: **Foreldravefur/einelti**, **Þjónusta/einelti** í skóla- og frístundastarfi, **Almennt efni/gátlisti** vegna eineltis og vinsamlegt samfélag. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er hægt að nálgast gátlista <http://reykjavik.is/gatlisti-vegna-eineltis> vegna eineltis um leiðbeiningar fyrir þá sem vinna að gerð eineltisáætlaða á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs og vísað í nanna.christiansen@reykjavik.is til frekari upplýsinga um efnið.

Spurningakönnun

Til þess að fá svör við nokkrum lykilspurningum var leitað til allra stjórnenda sviðsins og þeir beðnir um að svara spurningalista. Það eru 43 frístundaheimili í Reykjavík og svör bárust frá 30 eða 70%. Helstu niðurstöður úr svörum forstöðumanna eru:

- Gátlista SFS segjast 40% nýta sér. Flestir hinna vissu ekki af tilurð hans.
- Þegar spurt er um notkun skráningarblaða sem til eru sleppa 70% því að svara og 20% svara neitandi. Það er því ljóst að skráningar eru ekki viðhafðar á frístundaheimilinum. Það er bent á að það er mikið samstarf við skólana og því má reikna með að einhver skráning eigi sér stað þar, því líklegt er að málin tengist inn í skólana í flestum tilvikum.
- Eineltisáætlun er til hjá 77% svarenda og hjá flestum þeirra er hún kynnt og rædd á starfsmannafundum og hefur verið endurskoðuð s.l. 3 ár.
- Starfsfólk tók almennt ekki þátt í gerð eða endurskoðun eineltisáætlunarinnar.
- Um 57% segjast hafa boðið starfsfólki upp á fræðslu um einelti og/eða samskiptavanda.
- Það er virkt eineltisteymi hjá 23% svarenda og í þeim eiga helst sæti forstöðumenn og stjórnendur.
- Það er sjaldan leitað eftir aðstoð vegna úrlausnar mála en gerist samt.
- Lang flestir gera ráð fyrir því að bæði þolendur og gerendur fái stuðning.
- Ríflega helmingur lýkur málum með formlegum hætti í samráði við foreldra og fylgir málum eftir í 3 - 6 mánuði.
- Það hafa komið upp 19 mál síðast liðna 12 mánuði.

Það má reikna með því að flest frístundaheimilanna vinni þessi mál náið með skólunum sem þau tengjast. Það er nefnt í þó nokkrum svörum. Það þarf þó að kanna betur og tryggja náið samstarf ef það er ekki til staðar.

Félagsmiðstöðvar

Upplýsingaöflun og skoðun á heimasíðum félagsmiðstöðvanna var unnin af starfsfólki SFS.

Upplýsingar á heimasíðum

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar þar sem fjallað er um félagsmiðstöðvar kemur eftirfarandi fram:

„Í öllum félagsmiðstöðvum starfa unglingaráð sem móta viðfangsefni líðandi stundar og eru talsmenn unglinganna. Forvarnir meðal unglinga, hvað varðar reykingar, vímuefni og einelti, er snar þáttur í starfinu og lögð er áhersla á að styrkja jákvæða sjálfsmynd þeirra og stuðla að heilbrigðum lífsstíl. Stutt er við félagsstarf unglinga í 8. - 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur.“

Þær félagsmiðstöðvar sem eru með nýlegar heimasíður eru með leiðarljós og gildi, aðgerðaráætlun og markmið þar sem komið er inn á samskipti ofl. Gamlar heimasíður innihalda ekki þær upplýsingar.

Spurningakönnun

Til þess að fá svör við nokkrum lykilspurningum var leitað til allra stjórnenda sviðsins og þeir beðnir um að svara spurningalista. Það eru 24 félagsmiðstöðvar í Reykjavík og svör bárust frá 18 eða 75%. Helstu niðurstöður úr svörum forstöðumanna eru:

- Gátlista SFS segjast 39% nýta sér. Flestir hinna vissu ekki af tilurð hans.
- Þegar spurt er um notkun skráningarblaða sem til eru sleppa 61% því að svara og 22% svara neitandi. En þegar spurt er hvort um formlegar skráningar sé að ræða á ferlinu segir 80% já.
- Eineltisáætlun er til hjá 89% svarenda en hjá fæstum þeirra er hún kynnt og rædd á starfsmannafundum en hefur verið endurskoðuð s.l. 3 ár hjá 80% þeirra sem svara.
- Starfsfólk tók almennt ekki þátt í gerð eða endurskoðun eineltisáætlunarinnar.
- Um 67% segjast hafa boðið starfsfólki upp á fræðslu um einelti og/eða samskiptavanda.
- Það er virkt eineltisteymi hjá 11% svarenda og í þeim eiga helst sæti forstöðumenn og stjórnendur.
- Það er leitað eftir aðstoð vegna úrlausnar mála til þjónustumiðstöðva en lítið til annarra aðila s.s. SFS.
- Um 94% gera ráð fyrir því að bæði þolendur og gerendur fái stuðning.
- Um 75% lýkur málum með formlegum hætti í samráði við foreldra og 87% fylgir málum eftir í 3 - 6 mánuði.
- Það hafa komið upp 6 mál síðast liðna 12 mánuði.